

Fundur skólaráðs Krikaskóla
9. febrúar 2023
Haldinn í Krikaskóla

Viðstaddir: Þrúður, Ágústa, Inga Rut, Egill, Freyja, Telma Hrund, Alexandra og Dagbjört Ólöf. Guðrún Erna og Ásthildur Sóllilja boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2023-24 lagt fram og rætt. Þrúður fór yfir forsendur óskar um breytingu í 190 daga skóladagatali fyrir komandi skólaár. Ástæðan er breyting á forsendum frá því lagt var af stað í þróunarverkefnið 2008. Allir opinberir starfsmenn eiga nú 30 daga orlofsrétt, ásamt því að 4 vetrarfrisdagar hafa verið festir í sessi á höfuðborgarsvæðinu.

Þrúður mun leggja fram fyrir fræðslunefnd tvær útfærslur 190 og 200 daga. Taka verður ákvörðun um hvernig þessu verður háttað - bæði næsta skólaár og til framtíðar.

Fulltrúar foreldra ræddu um þá miklu kosti sem fylgja 200 daga skólanum og samþættingunni við frístundastarfið í skólanum. Útfærslan var rædd og Þrúður ítrekaði að áhrif á skóladag barnanna féllist í skilgreiningu á þeim tíma sem þau eru í skólanum. Aðal breytingin felst í þessum 10 dögum á ári en ekki daglegu starfi skólans. Hingað til hafi börn fengið 27 kennslustundir vikulega en miðað við 190 daga yrði kennsla þeirra 28,5 kennslustundir. Áfram yrði skóladagur þeirra frá kl. 9:00-14:00 daglega. Frístundin myndi áfram bjóða upp á sína þjónustu þá daga sem grunnskólastarf fellur niður eins og áður. Foreldrar harma þessa breytingu á þjónustu skólans.

Breyting verður líka á störfum kennara og kennsla færast úr 23-24 kest. vikulega í 24-25 kest. vikulega. Fulltrúi kennara taldi að ekki yrði veruleg breyting á hlutverki kennara. Breytingin felst helst í því að hluti þess tíma sem hefur verið skilgreindur á forræði frístundar verður grunnskólakennsla.

Frístundastarfi skólans var hrósað sérstaklega. Það væri einstaklega vel mannað, mikill stöðugleiki í starfinu og faglegur metnaður mikill. Börnin væru gríðarlega ánægð og jákvæð gagnvart því starfi sem um ræðir.

2. Matseðlar og þjónusta eldhúsins. Rætt var um börn með ofnæmi/óþol og hvernig komið væri til móts við þau. Þrúður talaði um að erfitt væri að tryggja að engin krossun yrði í skólanum. Eldhúsið okkar væri að leggja sig fram um að koma til móts við þær þarfir sem barnahópurinn hefur sem getur verið mjög snúið. Boðið er upp á vegan matseðil fyrir þá sem kjósa það fyrir börnin sín.

Nokkur umræða skapaðist um málið og hvað væri eðlilegt að skólinn komi til móts við. Fulltrúi foreldra nefndi að slíkar kvaðir eins og hnetulaus skóli væri skerðing á frelsi hinna til að velja. Erfitt væri að koma til móts við slíkar kröfur þar sem mjög margar vörur væru með varúðarmerkingu um snefilefni. Nokkur umræða skapaðist vegna nestis sem börn koma með

fyrir íþróttæfingar og frístund. Þrúður mun skoða það dæmi sem um ræddi og ræða við viðkomandi starfsfólk.

3. Bent var á að ekki væri varamaður fyrir áheyrnarfulltrúa foreldra leikskólabarna í fræðslunefnd. Þrúður mun koma þeirri ábendingu á framfæri við fræðsluviðið og Freyja mun finna varamann fyrir sig hjá stjórn Foreldrafélags Krikaskóla.